

Áfallateymi hjúkrunarheimilsins Markar

Í áfallateyminu sitja:

Fjóla Haraldsdóttir djákni formaður teymisins, Kristjana Arnardóttir hjúkrunarfræðingur, Ragnildur G. Hjartardóttir hjúkrunarstjóri og Lilja Hauksdóttir hjúkrunarfræðingur.

Með teyminu starfa: forstjóri hjúkrunarheimilisins, hlutaðeigandi bústýra og Halldór Kolbeinsson læknir

Skilgreining á áföllum:

Allir geta orðið fyrir alvarlegu áfalli. Slík áföll geta verið af völdum dauðsfalla, slysa, alvarlegra langvarandi veikinda, líkamsárása, náttúruhamfara, kynferðislegrar misnotkunar, eineltis og annarra þátta, sem samkvæmt mati áfallateymis getur valdið áfalli hjá íbúa, aðstandenda og starfsmanni

Hlutverk áfallateymis:

Felur í sér *skammvinna fyrirbyggjandi aðgerð* til að koma í veg fyrir að eðlileg viðbrögð þróist yfir í sjúklegt ástand

Fyrstu viðbrögð vegna áfalls:

Upplýsingar um áföll berist til vakthafandi hjúkrunarfræðings sem er:

1. hjúkrunarfræðingur á hæð
2. hjúkrunarfræðingur á húsvakt

Hann fær staðfestingu á áfalli og tilkynnir það til formanns áfallateymis eða hjúkrunarstjóra og er það þeirra að ákveða næstu skref

Tilkynningaskylda:

Formaður áfallateymis eða hjúkrunarstjóri, ber að tilkynna til forstjóra Markar og hjúkrunarstjóra upplýsingum um áfallið

Í Mörk eru til staðar:

- 1) Eineltisteymi /eineltisáætlun (hluti af störfum öryggisnefndar Markar)
- 2) Þjónustusamningur v/válegra utanaðkomandi hamfara eða lífsháska sem ógna íbúum og starfsfólki Markar
- 3) Rýmingaráætlun